



## Námskrá 7. bekkjar í samfélagsfræði

### Inngangur

Þessi bekkjarnámskrá er grundvölluð á Aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum hennar 2013. Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, lífsleikni og trúarbragðafræði.

Í samfélagsfræði er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Samhliða því eru nemendur þjálfaðir í að móta sér lýðræðislegan og gagnrýninn hugsunarhátt. Eitt af markmiðum samfélagsgreina er að nemendur geti aflað sér upplýsinga um lífskjör og stöðu ólíkra hópa út frá meðal annars myndrænum upplýsingum. Nemendur þjálfast í stafrænu læsi með því að leita upplýsinga og öðlist hæfni í að greina og miðla þeim upplýsingum sem þeir afla sér. Sjálfbærni er samspil umhverfis, samfélags og efnahagslegrar þátta og er mikilvægt að nemendur átti sig á samábyrgð samfélagsins í heild sinni. Í samfélagsgreinum eru lýðræði, jafnrétti og mannréttindi stór þáttur og mikilvægt að nemendur beri virðingu fyrir ólíkum skoðunum og gildum.

## Reynsluheimur

### Umhverfi, samfélag, saga, menning: *Hæfni nemanda til að skilja veruleikann*

1

#### Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Lögð verður áhersla á þekkingu, viðhorf og samvinnu. Nemendur lesa fjölbreyttan texta í tengslum við námsefni hverju sinni og þeir fá einnig þjálfun í skoða og meta mismunandi heimildir m.a. rafrænt efni á Alnetinu. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni, einstaklings- og hópverkefni þar sem þeir þurfa að beita mismunandi námsaðferðum og tækni. Farið verður í námsferðir í nær- og fjærumhverfi.

#### Hæfniviðmið, að nemendur:

*geti sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.*

*geti skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa.*

*geti notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.*

*geti rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.*

*geti gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúabrögðum heims.*

*geti rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.*

*geti áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.*

*geti greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum.*

## Hugarheimur

### **Sjálfsmynd: Hæfni nemanda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum**

#### Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Lögð verður áhersla á sjálfsvitund, persónumótun, réttisýni, gildismat, samhygð og ábyrgð.

Nemendur horfa á myndefni, lesa texta og vinna fjölbreytt verkefni í tengslum við þá hugmyndafræði sem Ölduselsskóli hefur að leiðarljósi eða: *Uppeldi til ábyrgðar*. Nemendur verða þjálfaðir í líta í eigin barm og beita gagnrýni á uppbyggilegan hátt, taka ábyrgð og átta sig á sjálfum sér og öðrum.

#### Hæfniviðmið, að nemendur:

*geri sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum*

*geti lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun*

*geti tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti*

*geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á ýmsum stöðum og tímum*

## Félagsheimur

### Samskipti: Hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

#### Áherslur og megintilgangur námsþátta

Lögð verður áhersla á vekja nemendur til umhugsunar, fá þá til að skiptast á skoðunum eða rökræða, velta fyrir sér mismunandi hliðum ólíkra samfélaga. Nemendur auki við sig þekkingu og geti rætt saman og deilt skoðunum án fordóma og af tillitssemi og virðingu við aðra.

#### Hæfniviðmið, að nemendur:

*geti útskýrt með dæmum margbreytileika mannlífsins og ólíkan bakgrunn fólks, borið virðingu fyrir frelsi fólks til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta*

*geti vegið og metið skoðanir og upplýsingar og brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt*

*geti komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti.*

*geti sýnt sjálfsaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.*

*geti rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra*

*geti rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum*

*geti sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju*

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p>Samfélagsgreinar eru kenndar 200 mínútur á viku. Kennt er í lotum og er fagið samþætt íslensku og upplýsinga- og tæknimennt. Áhersla er á að útvíkka skilning nemenda á sögu, landafræði, trú, lífsleikni og menningu. Nemendur vinna með fyrri þekkingu sína m.a. í stýrðum umræðum en þannig er nemendum hjálpað við að þróa hugtakaskilning sinn og öðlast frekari vitneskju og hæfni á því viðfangsefni sem unnið er með.</p> <p>Notast verður við fjölbreyttar kennsluaðferðir þar sem nemendur tileinka sér margs konar vinnubrögð.</p>	<p>Sigurður Ingi Ásgeirsson. <i>Hindúatrú-guð í mörgum myndum</i>. 2005, Námsgagnastofnun. Reykjavík.</p> <p>Sigurður Ingi Ásgeirsson. <i>Búddhatrú, leiðin til nirvana</i>. 2004, Námsgagnastofnun. Reykjavík.</p> <p>Leifur Reynisson. 2012. <i>Sögueyjan 2. hefti</i>. Námsgagnastofnun, Reykjavík</p> <p>Hilmar Egill Sveinbjörnsson. 2010. <i>Evrópa</i>. Námsgagnastofnun. Reykjavík.</p> <p>Steinunn Jóhannesdóttir <i>Reisubók Guðríðar</i> 2003 Mál og menning Reykjavík arifrodi.com/Tyrkir</p> <p>Í lífsleiknitímum og bekkjarfundum stýrir kennari umræðum um jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu gagnvart hvort öðru óháð samfélagslegri stöðu, kyni, uppruna og trú. Þannig er reynt að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra. Efni tengt kenningum Diane Gossen um uppeldi til ábyrgðar - glæsur.</p> <p>Stattu með þér myndband um sjálfsvirðingu ofbeldi og að setja mörk.  <a href="http://www.velferdarraduneyti.is/stattumedther/nr/34842">http://www.velferdarraduneyti.is/stattumedther/nr/34842</a></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Símat</li> <li>• Próf: skrifleg próf, heimapróf, munnleg próf, rafræn próf o.fl.</li> <li>• Kynningar</li> <li>• Vinnubækur</li> <li>• Sjálfsmat</li> <li>• Jafningjamat</li> </ul>